



KRAFTLYFTINGASAMBAND ÍSLANDS

SÉRSAMBAND INNAN ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS

FORMANNAFUNDUR 2022

Dagsetning: Laugardagurinn 5. nóvember 2022

Fundartími: 11.00

Fundarstaður: Stjörnuheimilið í Ásgarði, Garðabæ

Fundarmenn:

Gry Ek, formaður KRAFT (félagi í kraftlyftingadeild Ármanns)

Hinrik Pálsson, varaformaður KRAFT (félagi í Lyftingadeild Stjörnnunar)

Laufey Agnarsdóttir, ritari KRAFT (félagi í Kraftlyftingafélagi Reykjavíkur)

Lára Bogey Finnbogadóttir, starfsmaður KRAFT (félagi í Kraftlyftingafélagi Akraness)

Auðunn Jónsson, íþróttastjóri KRAFT (félagi í kraftlyftingadeild Breiðabliks)

Aron Friðrik Georgsson (formaður Lyftingadeild Stjörnnunar)

Einar Örn Guðnason (formaður Kraftlyftingafélags Akraness)

Ellert Björn Ómarsson (formaður Massa - Ungmennafélag Njarðvíkur)

Helgi Briem (formaður kraftlyftingadeildar Ármanns)

Róbert Kjarran (formaður kraftlyftingadeildar Breiðabliks)

1. FUNDARSETNING

Gry Ek formaður KRAFT setti fund sem boðað var til skv. lögum Kraftlyftingasambands Íslands, VII. kafla. 26. gr.

2. FUNDARSTJÓRI OG RITARI

Formaður lagði til að Hinrik yrði fundarstjóri og Laufey ritari sem var samþykkt.

3. AFREKSSTARF OG LANDSLIÐSMÁL

REGLUVERK

Formaður sagði frá vinnu stjórnar þar sem verið er að fara yfir landsliðs- og afreksmál. Regluverk er í endurskoðun þ.m.t. eru ferðarreglur, landsliðssamningar og aðrir ferlar sem tengjast landsliði og afreksmálum.

Í vikunni var fundur með Afrekssjóði ÍSÍ þar sem nokkur atriði komu fram sem bæta þarf við í reglur. Sem stendur er verið að vinna í umsókn til Afrekssjóðs.



KRAFTLYFTINGASAMBAND ÍSLANDS

SÉRSAMBAND INNAN ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS

AFREKSSTEFNA

Afreksstefna KRAFT er í gildi en hún var rædd og staðfest á síðasta Kraftlyftingabingi. Afrekkstefnan gildir til 2025. Þegar hefur náðst árangur á fjöldamörgum þeirra atriða sem koma þarf fram. Formaður benti á að afreksstefnan þarf að vera í stöðugri umræðu en rætt var um hvort „hækka þurfi rána“ í afreksstefnu. Formaður hvatti fundarmenn til að lesa yfir stefnuna. ASJ hefur verið sátt með vinnu KRAFT. KRAFT er B-samband í dag. Fjórir félagar í landsliðsinu eru á einstaklingsstyrkjum sem er góður árangur miðað við að í heild eru 29 einstaklingar í 12 samböndum hjá ÍSÍ á einstaklingsstyrkjum.

BESTI ÁRANGUR

Hjá vissum félögum hefur orðið vart við mikinn áhuga hjá unglingum þ.e. sub-juniors. Árangur gerist hratt á þessum árum og til að halda áhuganum lifandi hvort það kæmi til greina að skrá U-14, U-15, U-16, U-17met sérstaklega, besti árangur innan hvers undirflokks. Þetta væru ekki skráð Íslandsmet en myndi kveikja í keppnisglöðum yngri keppendum. Stjórn KRAFT mun setja málið á dagskrá stjórnar.

UNGLINGAR

Auðunn íþróttastjóri sagði frá sk. hæfileikamótun. KRAFT hefur fengið styrk frá ASJ vegna þess. Mest af hæfileikamótuninni verið í kringum NM-hópin. Við val í þann hóp hefur C-lágmörk verið viðmiðið. Landsliðsnefnd hefur gefið smá afslátt í vissum tilfellum. Hjá landsliðsnefnd er áhuga á að breyta mögulega inntöku í NM-hópin til að fullnýta hópinni í öllum þyngdarflokkum. Spurning um að nota IPF GL formúluna í stað C-lágmarka. NM reynslan hefur reynst mikil hvatninga fyrir þá sem hafa farið í þessar ferðir. Sem hluta af hæfileikamótun er hugmyndir um að hafa æfingabúðir fyrir yngri hópinn, samæfingar. Stjórn KRAFT mun setja NM val á dagskrá stjórnar.

TILNEFNINGAR

Komið er að því að skila inn tilnefningum í landsliðið. Lára Bogey ítrekaði mikilvægi þess að skila inn nákvæmum upplýsingum með tilnefningum.

LANDSLIÐSLÁGMÖRK

Stjórn KRAFT hefur ákveðið að landsliðslágmörk haldist óbreytt.

LANDSLIÐ Á HEIMASÍÐU KRAFT

Heimasíða KRAFT hefur verið í uppfærslu og eitt sem mun bætast við er listi yfir þá sem eru í landsliði Íslands.



KRAFTLYFTINGASAMBAND ÍSLANDS

SÉRSAMBAND INNAN ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBANDS ÍSLANDS

4. VESTUR-EVRÓPUMÓTIÐ

Vestur-Evrópumótið verður haldið hjá MASSA í september 2023. Ellert sagði stuttlega frá en undirbúningur gengur vel. Stjórn KRAFT og landsliðsnefnd ítrekar við félög að tilnefna „grimmt“ á mótið. Ætlunin er að senda stóran og öflugan hóp á mótið. Keppt er í klassík og búnaði.

5. KRAFTLYFTINGAR OG KLASSÍSKAR KRAFTLYFTINGAR

Rætt um kraftlyftingar í búnaði og hvernig staðan er í öðrum löndum, framtíð kraftlyftinga í búnaði og hver staðan er á Íslandi.

Vegna þess að halda þarf mót fyrir kraftlyftingar í búnaði og klassískar kraftlyftingar þá þyngir það mótahald til muna. Undanfarin ár hefur sýnt sig að mjög fáir keppa í búnaði. Fundarmenn voru sammála um að í stað tveggja móta verður haldið eitt mót. Auk þess fellur niður stigabikarmeistari í kraftlyftingum í búnaði og í klassískum, verður aðeins einn stigabikar fyrir hvort kyn.

IPF hefur breytt orðalagi í sínu regluverki. Fundarmenn voru sammála um að uppfæra þurfi það í íslensku regluverki. Umræða um hvort fylgja eigi IPF sem greinir á milli klassískar kraftlyftingar „classic powerlifting“ og búnaðarkraftlyftingar „equipped powerlifting“ eða einfalda og nota kraftlyftingar og búnaðarkraftlyftingar.

Breytingatillögur verðar lagðar fyrir kraftlyftingabing árið 2023.

6. FERÐAREGLUR

Fyrirspurn kom vegna nýrra ferðareglna KRAFT. Stjórnarmenn skýrðu málið en ljóst er að þegar kemur að aðstoðarmönnum vs. aðstandendum þarf að skoða hverja keppni fyrir sig þ.s. fjöldi keppenda er mismunandi.

7. LYFJAMÁL

Stjórn KRAFT ítrekar mikilvægi þess að félög kynni lyfjareglur fyrir iðkendum sínum, sérstaklega nýliðum. Mjög gott samstarf er við Lyfjaeftirlitið t.d. hélt það erindi fyrir NM-hópinum í haust. Mikilvægt er að upplýsingar um lyfjamál séu sýnileg á æfingastöðum. Félög þurfa að gæta þess að keppendur sem þurfa undanþágur vegna læknisfræðilegra ástæðna þurfa að gera það með fyrirvara, má finna á heimasíðu KRAFT. Fundarmenn voru sammála að best væri að þegar nýir félagar skrá sig í félögin þá samþykki þeir einnig þar með lög ÍSÍ um lyfjamál.



KRAFTLYFTINGASAMBAND ÍSLANDS

SÉRSAMBAND INNAN ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS

8. MÓTAMÁL

Mótanefnd gerir ráð fyrir að senda fljótlega á öll félög um mótahald á árinu 2023. Umræða um mótahald og utanumhald (finna mótsstaði, álag vegna flutnings á búnaði, álag á stangarmenn o.fl.).

Stjórn KRAFT ítrekaði að félög þurfa að passa upp á að keppendur þeirra hafi kynnt sér keppnisreglur KRAFT og lista um löglegan búnað. Einnig þurfa félög að passa upp á að nýir keppendur hafi vana aðstoðarmenn sem hafa kynnt sér keppnisreglurnar.

Sjá auk þess lið nr.5.

9. RIG

Búið er að bjóða þáttakendum, listinn er að verða tilbúinn. Tveimur erlendum keppendum hefur verið boðið. Umræða varð um mótaumgjörðina og hvort árið 2024 verður meiri norrænn fókus þ.e. erlendir þáttakendur.

ÍBR ætlar að hafa EXPO sýningu á RIG. Sýningin verður ekki sama dag og kraftlyftingakeppnin.

10. VIÐBRAGÐSÁÆTLUN FYRIR ÍÞRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSSTARF

ÍSí birti í byrjun nóvember samræmda viðbragðsáætlun fyrir íþróttá- og æskulýðsstarf. Formaður KRAFT ítrekaði að öll félög kynni sér skjalið. Finna má það á heimasíðu Samskiptaráðgjafi íþróttá- og æskulýðsstarfs : www.samskiptaradgjafi.is

11. ÖNNUR MÁL

ÞJÁLFARANÁMSKEIÐ

Enn er laust á námskeiðið, Fjórir eru skráðir en pláss er fyrir átta samtals. Skrifstofa KRAFT veitir frekari upplýsingar.

METASKRÁNINGAR

Metaskráningar á heimasíðu KRAFT er enn í ólagi. Unnið er að lagfæringu.

ÖNNUR MÓT

Félög hafa haldið innanbúðarmót (oft opin fyrir keppenda frá öðrum félögum). Gefur mörgum tækifæri á PB óháð meistarmótum. Regluverk í kringum þessi mót eru skv. reglum félagana sjálfra. Félög mega gjarnan auglýsa þessi mót en þau eru aðeins hugsðuð sem hvatning og skemmtun, eru ekki undir neinni mótaskrá.



KRAFTLYFTINGASAMBAND ÍSLANDS

SÉRSAMBAND INNAN ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBANDS ÍSLANDS

FÉLAGASKRÁNING

Það hefur sýnt sig að Sportabler er ekki alveg að virka fyrir sum félög. Skoða þarf betur með ÍSÍ. Stjórn KRAFT skoðar.

FÉLAGAGJÖLD

Óformleg umræða.

12. FUNDARLOK

Fundi slitið kl.13.10.